



SÚÐAVÍKURHEPPUR

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráð
Hinrik Greipsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Súðavík, 3. febrúar 2012
1111003 ÓMJ

Efni: Beiðni um sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiárið 2011-2012

Vísað er í bréf dagsett. 21. desember 2011 þar sem er upplýst er að Súðavík hafi verið úthlutað 197 þorskígildistönnum vegna fiskveiðiársins 2011/2012 og ef sveitarfélög vilji setja sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta skal skila inn rökstuddum tillögum til ráðuneytisins. Súðavíkurbeyri var veittur frestur til 3 febrúar 2012 til að skila inn tillögum.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 1182/2011 frá 21. desember 2011 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2011/2012 óskar Súðavíkurbeyri eftir samþykki Sjávarútvegsráðuneytisins á eftirfarandi tvær tillögur að breytingum á ofangreindri reglugerð vegna sérstakra skilyrða.

1. Pottur 1. Breyting á 1. gr. reglugerðar 1182/2011,

- a) *Breyting á a lið þannig að þar komi: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006 eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 3. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.
Allt að 160 þorskígildistönnum verði úthlutað til fiskiskipa sem uppfylla ofangreint skilyrði.*

2. Pottur 2. Breyting á 4. gr. reglugerðar nr. 1182/2011

Allt að 37 þorskígildistönnum verði skipt hlutfallslega milli þeirra fiskiskipa sem ekki uppfylla skilyrði fyrir pott 1. Þau skip verði undanþegin skiptingu aflamarks eftir lönduðum afla á síðasta fiskveiðiári.

Að öðru leyti verði stuðst við reglugerð nr. 1182/2011 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2011/2012.

Greinargerð:

Pottur 1.

Frá árinu 2006 hefur Iceland Sea Angling hf (áður Sumarbyggð hf) gert út frístundabáta frá Súðavík sem leigðir eru til erlendra ferðamanna. Frá árinu 2006 til ársins 2009 höfðu tveir aðilar leitað við, en ekki gengið, að starfrækja fiskvinnslu í Súðavík sem uppfyllir skilyrði um vinnslu í samræmi við reglugerðir sem gilt hafa um úthlutanir byggðakvóta til fiskiskipa.



SÚÐAVÍKURHREPPUR

Sveitarstjórn Súðavíkurbeyris hefur verið móttfallin því að heimila að landa úthlutuðum byggðakvóta til Súðavíkur, annars staðar en í Súðavík eða að gefa eftir ákvæði um vinnslu afla í Súðavík sé vinnsla á staðnum til að vinna þann afla sem kemur að landi.

Frá árinu 2009 hefur Iceland Sea Angling hf. átt stóran þátt í að starfrækja fiskvinnslu í Súðavík svo mögulegt sé að uppfylla skilyrði reglugerðar um úthlutanir byggðakvóta og um mitt árið 2010 eignast Iceland Sea Angling hf. fiskvinnsluhúsið við Njarðarbraut og þann búnað sem þarf til fiskvinnslunnar.

Megin ástæða þess að ferðaþjónustufyrirtækið Iceland Sea Angling hf. er með rekstur fiskvinnslu er tilkominn vegna erfiðleika með að útvega fiskveiðikvóta til að gera meginstarfsemi félagsins mögulega sem er útleiga sjóstangveiðibáta til erlendra ferðamanna.

Rekstur fiskvinnslunnar er að mörgu leyti að ganga vel og er það tiltrú sveitarstjórnar að með því að gera Iceland Sea Angling hf. mögulegt að sækja um byggðakvóta þá megi styrkja og efla starfsemi fiskvinnslunar í Súðavík þannig að hún útvegi störf hjá heimamönnum í samræmi við tilgang úthlutunar byggðakvóta til sjávarplássá sem hafa orðið fyrir áföllum í atvinnulífi vegna fiskveiða- og fiskvinnslu kerfisbreytinga í greininni síðastliðin ár.

Pottur 2.

Erfiðlega hefur gengið að fá minni báta til að sækjast eftir úthlutun byggðakvóta í Súðavík. Framlögð tillaga er tilraun til að virkja eigendur annarra báta en úthlutað hefur verið til undanfarin ár til að byrja og skapa þannig löndunarreynslu sem er forsenda til úthlutunar byggðakvóta samkvæmt reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa.

Virðingarfyllst,
f. b. Súðavíkurbeyris
SVEITARSTJÓRN
SÚÐAVÍKURHREPPS
Ómar Már Jónsson
- sveitarstjóri -